

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Húsavík, nr. 8 31. janúar 1959,
sbr. reglugerð nr. 10 19. febrúar 1962 og reglugerð
nr. 53 6. febrúar 1969.

1. gr.

VII. til XI. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

VII. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

23. gr.

Öll skip og bátar skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, eru þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil, en minni hluta er sleppt.

Undanþegin lestargjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenskt vitaskip og varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna við Ísland.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálf lestagjald, en fullt bryggjugjald, ef þau koma að bryggju. Opnir bátar, sem gerðir eru út frá höfninni um lengri eða skemmri tíma, greiða fast árgjald til hafnarinnar, í stað lesta- og bryggjugjalds, kr. 600.00 á ári. Gjaldldagi er 1. júní.

VIII. KAFLI

Um lestagjöld.

24. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu skulu greiða lestagjald í hvert sinn sem þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem um getur í 23. gr.

- a) Innlend fiskiskip (þilfarsskip) skulu greiða lestagjald kr. 2.00 af hverri brúttó-rúmlest í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar, allt að 10 sinnum á hverju almanaksári. Komi skip oftar greiðist annað hvort sama gjald fyrir hverja viðkomu, ef útgerðarmaður eða skipstjóri óskar þess, eða kr. 100.00 af hverri brúttó-rúmlest, ef skip er gert út að staðaldri frá Húsavíkurhöfn, 6 mánuði eða lengri tíma á hverju almanaksári.
- b) Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða lestagjald, kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmlest, með þeim undantekningum, er áður getur. Lægsta gjald er kr. 100.00.

25. gr.

Liggi skip í höfninni lengur en 14 daga, skal eiganda þess skylt að greiða lestar-gjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar telst sá tími ekki meðan það stóð uppi.

IX. KAFLI

Um bryggjugjöld.

26. gr.

Hvert það skip, sem leggst við bryggju eða hafnarbakka eða við skip, sem liggur við bryggju eða hafnarbakka, skal greiða bryggjugjald.

- a) Innlend fiskiskip, sem landa afla í höfninni skulu greiða bryggjugjald kr. 1.00 af hverri brúttórúmllest í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar, þó ekki oftari en 10 sinnum á hverju almanaksári.

Komi skip oftari greiðist annað hvort sama gjald fyrir hverja viðkomu, ef útgerðarmaður eða skipstjóri óska þess eða fast gjald, kr. 100.00 af brúttórúmllest, sé skip gert út að staðaldri frá Húsavík 6 mánuði eða lengur á almanaksári.

- b) Öll önnur skip skulu greiða kr. 1.00 af hverri brúttórúmllest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring með þeim undantekningum, sem að framan greinir. Lægsta gjald er kr. 100.00.

X. KAFLI

Um vörugjöld.

27. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar í höfninni, svo og afla lögðum í land, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

28. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald. Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þess getið í farmskrá, greiðist ekkert gjald.

29. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a) Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
b) Póstflutningar og farangur ferðamanna.
c) Vörur, sem fluttar eru úr varðskipi, björgunarskipi eða í þau.

30. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þykir hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í vörutegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber. Sé vara flutt í gámum eða meisum (containers) skal ekki reikna gjald af þeim, en einungis innihaldi þeirra skv. almennum reglum.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðist eins og þar segir. Ef vafi leikur á því, hverjum flokkanna skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má skjóta til hafnarnefndar.

31. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, koks, kalk, salt, sement, kornvara, sykur og önnur matvara í sekkjum 25 kg eða stærri, fóðurvara sekkjuð og ósekkjuð, áburður, hey, garð-ávextir í sekkjum, steinefni til bygginga, svo sem gólf- og veggflísar, vikur og hleðslur, steinar, tjara, bik og asfalt, kísilgúr.
2. flokkur. Gjald kr. 7.00 fyrir hver 100 kg:
Óliur alls konar og benzín (nema í smápakkningum), óunnið járn og steypustyrktarjárn, feiti og oliur til smjörlikis-, sápu-, sælgætis- og málningarframleiðslu, landbúnaðarafurðir frá öðrum höfnum, ótalið annars staðar, sjávarútvegs- og landbúnaðarafurðir til brottflutnings, veiðarfæri, ótalið annars staðar, sódi, brennisteinssýra, fljótandi gas í hylkjum, útflutningsumbúðir, síma- og raflínur á keflum, ferskir ávextir í kössum.
3. flokkur. Gjald kr. 11.00 fyrir hver 100 kg:
Vélar, ótaldar annars staðar, varahlutir, rafmagnsvörur, ótaldar annars staðar, miðstöðvarefni, vatnsrör og pípur, girðingarefni, vinnuvélar, bifreiðar, vélar og tæki til landbúnaðar, önnur en handverkfæri, trjáviður og þilplötur, sem gjald reiknast af eftir þyngd, iðnaðarvörur til útflutnings, rúðugler og byggingavörur, ótaldar annars staðar.
4. flokkur. Gjald kr. 17.00 fyrir hver 100 kg:
Óliur í litlum pakkningum, ilátum og dósnum 5 lítra eða minni, matvara í litlum pakkningum, pökkum, pokum, glösum eða dósnum, málningarvörur og húðunarefni, efni til gólfslagningar, fullunnar efnagerðarvörur, hreinlætisvörur og aðfluttar niðursuðuvörur, kaffi í pökkum, dósnum eða glösum, handverkfæri hvers konar, barnavagnar, hjólhestar, mótörhjóla, saumavélar, búsaðhöld ýmiss konar, aðfluttar burstavörur, lyfjavörur, og garn, gúmmívörur, aðfluttar leðurvörur og skófatnaður, lyfjavörur, glervörur ótaldar annars staðar, hjúkrunarvörur, skrifstofuvélar, byssur, skotfæri, leikföng, skrautvörur og glysvarningur, áfengi, ilmvötn, tóbaks- vörur, hljóðfæri, svo og allar þær vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd og ótaldar eru annars staðar.
5. flokkur. Gjald kr. 3.50 fyrir 0.1 teningsmeter eða kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet: Trjáviður, húsgögn og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
6. flokkur. Gjald fyrir hvert stykki sem hér segir:
Stórgripir, sauðfé og loðdýr kr. 30.00
Tómar tunnur, kassar o. þ. h. — 5.00
7. flokkur. Sjávarafli: Gjald 1% af verðmæti:
Gjaldið er 1% af verðmæti sjávaraflla lögðum á land í höfninni til vinnslu, verkunar eða brottflutnings. Kaupanda sjávarafllans ber að afhenda hafnarstjórn skýrslu um keyptan afla mánaðarlega. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað og ber kaupanda að halda gjaldinu eftir og standa skil á því til hafnargjaldkera mánaðarlega.

XI. KAFLI

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

32. gr.

Fyrir að leggja skipi eða bát í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 0.50 af hverri brúttórúmllest skipsins eða bátsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 50.00.

33. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

34. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki skal greiða gjald fyrir leigu og aðstöðu eftir nánari ákvörðun hafnarnefndar eða samkvæmt samningi.

Almenn lóðarleiga skal ákveðin í upphafi hvers árs, en sé ekki sérstök ákvörðun þá tekin um leiguna, framlengjast lóðarleigukjör óbreytt til næstu áramóta.

Gjaldlagi lóðarleigu er 1. janúar ár hvert.

35. gr.

Fyrir geymslu skips, sem lagt er í lægi í höfninni skv. 20. gr. greiði eigandi árgjald kr. 5.00 á brúttólest.

36. gr.

Fyrir vatn afhent við bryggju skal greiða:

- a. Heimabátar og skip undir 12 lestir brúttó kr. 500.00 á ári.
Heimabátar og skip 12—50 lestir brúttó kr. 1 500.00 á ári.
Heimabátar og skip 50 lestir brúttó og yfir kr. 3 000.00 á ári.
- b. Öll önnur skip og bátar skulu greiða fyrir vatn kr. 40.00 pr. tonn.

37. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

38. gr.

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald miðað við brúttóstærð sem hér segir: Allt að 5 rúmllestum kr. 50.00, 6—12 rúmlesta kr. 75.00 og stærri skip og bátar kr. 150.00.

39. gr.

Hafnarvörður tilkynni hafnargjaldkera jafnóðum um öll afnot hafnar og hafnarmannvirkja samkvæmt þessum kafla.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 16. maí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.